

9. fundur í foreldrafélags Grunnskólans Stykkishólmi  
Haldinn 2. maí 2011 kl. 18

Mætt voru: Helga Sveinsdóttir, Dallilja I. Steinarsdóttir, Sigríður E. Elísdóttir, Kristín Víðisdóttir, Erla Friðriksdóttir, Guðný Gísladóttir, Ásta Sigurðardóttir, Ingi B. Ingason, Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir, Magnús Ingi Bæringsson, Bárður Eyþórsson, Ásta Valdís Guðmundsdóttir, María Magnúsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Bryndís Jakobsdóttir, Hildigunnur Jóhannesdóttir, Baldvin Indriðason, Karín Rut Bæringisdóttir og Anna Melsted sem ritaði fundargerð.

Fundurinn var auglýstur í Stykkishólmspóstinum og foreldrar hvattir til að mæta þar sem fara átti yfir starf vetrarins og ræða tillögur um starfsreglur og félagsgjöld.

1. Formaður las upp Skýrslu stjórnar og fór yfir reikninga félagsins. Staða á reikning félagsins í upphafi starfsárs var 68.982 kr. Tekjur á árinu voru 51.750 kr. og gjöld 47.600 kr. Þannig að tekjur umfram gjöld á árinu vor 4150 kr.
2. Tekin var upp sú nýbreytni í vetur að senda fundagerðir á foreldra í tölvupósti og birta þær á heimasíðu skólans. Rætt var um hvort nægilegt væri að birta þær á heimasíðu skólans en á fundinum kom fram ósk um að senda ætti allar fundagerðir í tölvupósti.
3. Lesin var upp tillaga að starfsreglum fyrir foreldrafélagið og voru þær samþykktar.
4. Lesin var upp tillaga að félagsgjöldum þar sem lagt var til að tekið verið upp félagsgjald kr. 2000 á hvert heimili grunnskólabarns yfir veturinn. Gjaldið verði innheimt í gegnum heimabanka en valkvætt þannig að eftir efni og ástæðum eigi það hver við sína samvisku hvort peningunum sé vel varið. Samþykkt var að gera tilraun með félagsgjöld og hefja innheimtu næsta skólaár.
5. Önnur mál.

Rædd var tillaga að handbók fyrir foreldrafulltrúa bekkja þar sem fram kæmu ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra sem auðvelduðu fulltrúum bekkja að sinna hlutverki sínu. Hugmynd um að dreifa á alla foreldra þegar þeir ganga í félagið.

Fundi slitið kl. 18:55